

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. febrúar 2001.*

**Árni M. Mathiesen.**

\_\_\_\_\_  
*Jón B. Jónasson.*

Nr. 179

14. febrúar 2001

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

*Leirdalur, Hvammsgata, Hvammsdalur og Brekkugata.*

*Hafnargata, Hólagata, Austurgata, Egilsgata og fl.*

Samkvæmt skipulagslögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Vatnsleysustrandarhrepps þann 9. janúar 2001 samþykkt deiliskipulag í Vogum, annars vegar við Leirdal, Hvammsgötu, Hvammsdal og Brekkugötu og hins vegar við Hafnargötu, Hólagötu, Austurgötu, Egilsgötu og fl.

Greinargerð og uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla til um. Deiliskipulögin öðlast þegar gildi.

*Vogum, 14. febrúar 2001.*

F.h. sveitarstjórnar,

**Jóhanna Reynisdóttir** sveitarstjóri.

Nr. 180

27. febrúar 2001

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag lóðar Garðaskóla við Ásgarð í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti 15. febrúar 2001 deiliskipulag lóðar Garðaskóla við Ásgarð í Garðabæ. Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*Garðabæ, 27. febrúar 2001.*

F.h. Garðabæjar,

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi Garðabæjar.